

FUNDARGERÐ

169. fundur Fræðslunefndar Mýrdalshrepps.

Fundarstaður: Austurvegur 17 í Vík

Fundartími: Þriðjudaginn 21. sept. 2010 kl. 16:00.

Mættir: Undirritaðir aðalmenn og varamenn fræðslunefndar.

Ritari fundarins: Ásgeir Magnússon

Formaður setti fund og stjórnaði.

Gerðir fundarins:

Auk nefndarmanna eru mætt á fundinn: Magnús Sæmundsson, Kristinn Jóhann Níelsson, Hjördís Rut Jónsdóttir, Anna Björnsdóttir, Victoria Jonsson og Ásgeir Magnússon

Málefni til umfjöllunar.

- 1. Kosning varaformanns Fræðslunefndar Mýrdalshrepps.**
Lára Oddsteinsdóttir var einróma kjörin varaformaður.
- 2. Kosning ritara Fræðslunefndar Mýrdalshrepps.**
Ingvar Jóhannesson var einróma kjörinn ritari nefndarinnar
- 3. Undirritun trúnaðaryfirlýsingar.**
Viðstaddir aðal- og varamenn í Fræðslunefnd og sveitarstjóri undirrituðu yfirlýsinguna.
- 4. Lekavandamál í skólanum..**
Skólastjóri gerði grein fyrir stöðunni. Nefndin samþykkti að fara þess á leit við sveitarstjórn að strax og hægt verður næsta vor verði skipt um gler í þakluggum allrar skólabyggingarinnar og gengið frá í kringum þá með sama hætti og unnið var við í hluta skólans í sumar, komi í ljós að þessi viðgerð haldi.
- 5. Mótun skólastefnu erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.**
Gengið var frá Menntastefnu Mýrdalshrepps s.l. vor og var hún kynnt nefndarmönnum. Gert er ráð fyrir því að Menntastefnan verði endurskoðuð á miðju kjörtímabilinu.

Málefni til kynningar

1. Velferðarvaktin
2. Kynningarrit frá SJóvá um forvarnir tengdar skólabyrjun
3. Kynning á verði skólamáltíða frá fræðslustjóra
4. Kynning á fyrirhugaðri málstofu um skólamál á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldin verður í Háskóla Íslands 1. október.

Önnur mál.

1. Stjórnendur skólanna gerðu grein fyrir því hvernig starfið er að fara af stað. Allt skólastarf horfir í rétta átt í vetur.
2. Rætt um verð máltíða í skólunum. Ljóst á samanburði við önnur sveitarfélög að verðið hér samkeppnisfært. Lögð áhersla á að leita allra leiða til að halda verðinu óbreyttu ef kostur er.

Fundi slitið kl.17:10

Ingvar Jóhannesson	Petra Kristín Kristinsdóttir	Ólafur S. Björnsson
	formaður	
Lára Oddsteinsdóttir	Eva Dögg Þorsteinsdóttir	Ásgeir Magnússon